



Nefndasvið Alþingis
b.t. stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar
nefndasvid@althingi.is

Reykjavík, 5. maí 2020


Efni: Umsögn SI um frumvarp til laga um breytingu á upplýsingalögum, nr. 140/2012, með síðari breytingum (réttarstaða þriðja aðila), 644. mál.

Samtök iðnaðarins (hér eftir „SI“ eða „**samtökin**“) hafa tekið til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á upplýsingalögum, nr. 140/2012, með síðari breytingum (réttarstaða þriðja aðila), 644. mál. Með frumvarpinu eru gerðar breytingar á upplýsingalögum í því skyni að bæta og skýra réttarstöðu þriðja aðila, þ.e. þess sem getur átt hagsmuna að gæta af því að veittur verði aðgangur að tilteknum upplýsingum. Samtökin fagna framlagningu frumvarpsins og að verið sé að efla réttarstöðu þriðja aðila. SI gera aftur á móti athugasemdir við orðalag 1., 2. og 3. gr. frumvarpsins. SI vill að skerpt sé á orðalagi frumvarpsins þannig að það komi skýlaust fram að hin bættu réttarstaða þriðja aðila eigi við um gögn sem varða mikilvæga og virka einkahagsmuni sem og mikilvæga og virka fjárhags- og viðskiptahagsmuni.

Í 1., 2. og 3. gr. frumvarpsins kemur fram orðalagið „...*mikilvæga og virka einkahagsmuni annars aðila*...“. Samtökin telja mikilvægt að í framangreindum ákvæðum sé jafnframt tekið fram að ákvæðin taki til fjárhags- eða viðskiptahagsmuna, þannig að hin bættu réttarstaða taki ótvírætt til þessa mikilvægu hagsmuna fyrirtækja í landinu. Fyrirtæki afhenda stjórnvöldum margsinnis upplýsingar um mikilvæga fjárhags- eða viðskiptahagsmuni, t.d. í innkaupum hins opinbera sem fara fram með útboði. Þar af leiðandi er mikilvægt að stjórnvöld leiti ávallt til fyrirtækja áður en þau afhenda gögn sem geta innihaldið upplýsingar um mikilvæga fjárhags- eða viðskiptahagsmuni. Með þessu er tryggt að fyrirtækjum sé alltaf veitt færi á að koma sinni afstöðu á framfæri um hvort gögn eigi að fara leynt eða hvort heimilt sé að veita aðgang að þeim.

Með hliðsjón af framangreindu telja samtökin það mikilvægt að það komi skýrt fram í 1. gr. frumvarpsins að stjórnvöldum sé skylt að skora á aðila að upplýsa hvort hann telji gögn er varða **mikilvæga og virka einka-, fjárhags- eða viðskiptahagsmuni** eigi að fara leynt. SI telja jafnframt að í 2. og 3. gr. skuli taka fram: „...veita aðgang að gögnum sem **varða mikilvæga og virka einka-, fjárhags-, og viðskiptahagsmuni** annars aðila...“

Virðingarfyllst,


Björg Ásta Þórðardóttir,
lögmaður